



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Héðinsreitur, reitur 1.130.1

Á fundi borgarráðs þann 17. janúar 2019 var lagt fram fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. janúar 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 9. janúar 2019 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Héðinsreit, ásamt fylgiskjöllum.


Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins hefur efasemdir um þessa inngarða sem þarna eru sýndir í kynningu umhverfis og skipulagssviðs hvað varðar birtumagn. Ætla má að skuggahornin og skuggasvæðin í slíkum gördum verði mörg og spurt er þá hvernig plöntur og gróður eigi þar að þrífast en fram kemur að hver garður, en þeir eru þrífalsins eigi að hafa mismunandi plöntuþema. Minnumst þess að íslensk sumur eru stutt og svöl og flestum plöntum og gróðri veitir ekki af þeirri sól sem þau geta fengið. Sjá má dæmi um slíkan inngarð í vesturbæ og má segja að sá garður, (milli Hringbrautar og Ásvallagötu) geti varla talist sérlega aðlaðandi. Aðrar áhyggjur eru að þessar íbúðir muni seljast dýrar eins og gjarnan er raunin á þessu svæði. Hér er um mikinn fjölda íbúða 330 íbúðir og hótél með 230 hótélherbergjum. Áheyrnarfulltrúi hefur áhyggjur af umferðinni á þessu svæði sem nú þegar er mikil.

Borgarráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þróun skipulags á Héðinsreit hefur tekið jákvæðum breytingum. Í tillögnum er gert ráð fyrir meira en 300 íbúðum með samnýtingu bílastæða í kjallara. Inngarðar, sem verða mismunandi að stærð og gerð, verða öllum opnir og því verið að gera nýja almenningsgarða á besta stað í Reykjavík.


Bjarni Þóroddsson
e.u.